

Fundargerð 407. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2018, miðvikudaginn 24. október kl. 12:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2018 - 1801004HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 406. fundar frá 5. október 2018.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA

Rætt um undirbúning og framkvæmd hafnasambandsþings 2018.

Dagskrá hafnasambandsþingsins var samþykkt ásamt tillögu um Jón Þorvaldsson og Ástu Pálmadóttur sem forseta þingsins og Auði M. Sigurðardóttir og Helga Laxdal sem þingritara. Einnig voru tillögur að ályktunum fyrir hafnasambandsþingið lagðar fram til kynningar.

3. Hafnafundur 2019 og hafnasambandsþing 2020 - 1610004HA

Rætt um staðsetningu hafnafundar 2019 og hafnasambandsþings 2020.

Samþykkt að halda næsta hafnafund í Þorlákshöfn haustið 2019 og næsta hafnasambandsþing í Snæfellsbæ árið 2020.

4. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2017 - 1810004HA

Lögð fram skýrsla sem ber heitið Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna árið 2017 sem hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga vann fyrir hafnasambandið.

5. Tillaga til þingsályktunar um eflingu björgunarskipaflota Landsbjargar - 1810005HA

Lagt fram erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 24. október 2018, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu björgunarskipaflota Landsbjargar, 125. mál.

Stjórn Hafnasambands Íslands tekur undir efni tillögunnar enda gegna björgunarsveitirnar mikilvægu hlutverki sem viðbragðsaðilar í höfnum landsins og því er mikilvægt að þeir hafi yfir að ráð góðum björgunarskipaflota.

Fundi var slitið kl. 13:15

Gísli Gíslason

Guðmundur M Kristjánsson

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson